

## **18. FUNDARGERÐ STJÓRNAR HUNDARÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS STARFSÁRIÐ 2016-2017**

Þriðjudaginn 18. apríl kl. 18.00 var haldinn 18. fundur stjórnar Hundaræktarfélags Íslands. Fundurinn var haldinn að skrifstofu félagsins að Síðumúla.

Mætt voru: Herdís Hallmarsdóttir formaður, Auður Sif Sigurgeirsdóttir ritari, Þorsteinn Thorsteinson gjaldkeri, Pétur Alan Guðmundsson meðstjórnandi og Guðbjörg Guðmundsdóttir.

Auður Sif Sigurgeirsdóttir ritaði fundinn.

1. Í upphafi fundar var fundargerð 17. fundar stjórnar undirrituð en hún hafði áður verið staðfest með tölvupósti

### **2. Rekstrarreikningur 2016**

Stjórn boðaði félagskjörna skoðunarmenn félagsins á fund stjórnar vegna uppgjörs 2016. Maríanna Gunnarsdóttir mætti en Þorsteinn Þórbergsson forfallaðist.

Klara Símonardóttir, sem hefur fært bókhald félagsins, lagði fram útprentun úr Reglu af rekstrarreikningi 2016 en bókhaldið er farið til endurskoðanda félagsins. Umræður urðu um uppgjörið og gerð ársreiknings 2016. Þorsteinn, Guðný, Klara og Maríanna munu vinna áfram að uppgjörinu sem og skýringum með ársreikningi.

### **3. Tillögur Vinnuhundadeildar að nýjum sporareglum HRFÍ**

Stjórn fór yfir vel unnar og skýrar tillögur Vinnuhundadeildar að nýjum sporareglum og fagnar frumkvæðinu. Stjórn var með örfáar athugasemdir sem verða bornar undir Vinnuhundadeild en ef hún kemur ekki með frekari athugasemdir verða reglurnar kláraðar og birtar.

### **4. Undirbúningur fyrirhugaðs fundar með Reykjavíkurborg**

Í framhaldi af erindi HRFÍ til Reykjavíkurborgar boðaði Hrólfur Jónsson til fundar miðvikudaginn 19. apríl. Stjórn fagnar skjótum viðbrögðum Reykjavíkurborgar og ræddi undirbúning fundarins. Ákveðið var að formaður og verkefnastjóri færu fyrir hönd félagsins á fundinn.

## 5. Önnur mál

Guðbjörg og Guðný sátu fund með fulltrúum ræktunarstjórna deilda sem tilheyra tegundahópi 7. Þær gerðu stjórn grein fyrir því sem fór fram á fundinum. Ákveðið var að halda kynningarfund fljótlega þar sem verklags- og siðareglur fyrir dómara í tegundahópi 7 verða kynntar ásamt reglum um dómara ráð. Fyrst verður haldinn kynningarfundur fyrir fuglahundadómara og að honum loknum fyrir alla félagsmenn.

Erindi barst stjórn frá Dagfinni Smára Ómarssyni varðandi meginlandshundapróf FHD. Stjórn ákvað að framsenda erindið til stjórnar FHD.

Stjórn hefur í samráði við lögmenn í laganevnd sem og skoðunarmenn félagsins gert kröfu á hendur fyrrum framkvæmdastjóra félagsins vegna launauppgjörs. Ekkert svar hefur borist og var því ákveðið að senda kröfuna í innheimtu.

Stjórn tók ákvörðun um að veita félagsmanni HRFÍ gullmerki félagsins á aðalfundi í maí nk.

Fleira var ekki rætt á fundinum.

Fundið slitið kl. 20.00. Boðað er til næsta fundar stjórnar 4. maí nk. kl. 18.00.